

Ágæti nemandi.

Kynning á samræmdum könnunarprófum 2009

Nú fara öll samræmd könnunarpróf, í 4., 7. og 10. bekk fram að hausti í fyrsta sinn. Hér á eftir eru gefnar leiðbeiningar fyrir nemendur svo þeir átti sig betur á prófunum og ekkert komi þeim á óvart við próftökuna.

Hvað eiga prófin að mæla? Markmið með fyrirlögn prófanna eru aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa upplýsingar um að hvaða marki nemendur hafa náð, grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggir á. Í öðru lagi að vera foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda.

Hvernig er prófunum háttað?

Mæting Samræmd könnunarpróf hefjast klukkan 9:00. Skólinn ákveður hvenær nemendur eiga að mæta. Áður en próf geta hafist þurfa nemendur að koma sér fyrir, kennari að taka manntal og nemendur að merkja prófgögn. Próftími er þrjár klukkustundir.

Undirbúningur Það er mikilvægt að nemendur mæti í prófin með því hugarfari að tilgangur þeirra sé að meta stöðuna í viðkomandi námsgreinum. Alla jafna kynna skólar nemendum prófin og láta þá þreyta eldri próf í æfingarskygni. Ekki er ástæða til að skapa mikla streitu vegna þeirra. Mikilvægt er að vera vel sofinn og að borða morgunverð fyrir prófin. Nemendum er heimilt að vera með nesti með sér, en þurfa að huga að því að það trufli ekki aðra nemendur, t.d. með skjáfi í umbúðum. Gott er að opna umbúðir og flöskur í upphafi prófs svo hávaði frá því trufli ekki.

Á meðan á prófum stendur Búið verður að prenta nafn, kennitölu og skóla á stafsetningar- og ritgerðarhefti. Athugaðu hvort þú hefur rétt prófgögn og skrifaðu nafn, skóla og kennitölu á öll blöð og prófhefti. Skólinn setur svo límmiða á unnin hefti (gæti verið búinn að því fyrir prófið). Þú átt að skrifa svörin í viðeigandi reiti í prófheftin. Mikilvægt er að vinna jafnt og þétt í prófinu.

4. bekkur

Yfirlit um hvort próf fyrir sig

Íslenska

Íslenskuprófið samanstendur af lestri, stafsetningu, lesskimun og ritun. Stafsetning og ritun eru saman í hefti, lesskimun og hlustun eru í einu hefti og lestur í því þriðja. Í fyrri hluta eru notuð stafsetningar- og ritunarheftið og lesskimunarheftið. Í lesskimunarheftinu eru sjö verkefni eða leikir. Í seinni hluta er notað lestrarheftið, í því eru þrjár sögur og spurningar úr þeim.

Prófið hefst á stafsetningu. Stafsetningin er á bakhlið fyrsta heftis og eru orðin sem skrifa á lesin upp af disk. Að stafsetningu lokinni er það hefti lagt til hliðar og unnið með lesskimunarheftið. Fyrsta verkefnið eða leikurinn felst í að tengja orð við mynd. Því næst er hlustun lesin og svara nemendur spurningum úr henni í prófheftið. Að því loknu er orðskilningsleikur, nemendur svara spurningum um ákveðin orð. Í fjórða verkefninu leika nemendur sér að því að taka ákveðið hljóð úr orði. Í fimmta leiknum eiga nemendur að finna hvaða mynd passar við setningu þar sem orðunum hefur verið ruglað. Í síðasta leiknum eiga nemendur að muna bókstafi.

Stærðfræði

Í stærðfræði er eitt prófhefti fyrir hlé og annað eftir hlé. Óheimilt er að nota reiknivél í fyrri hlutanum en hana má nota í seinni hlutanum. Mikilvægt er að sýna útreikninga þótt vasareiknir sé notaður, þú skráir hvað þú ert að gera og útkomu þar sem við á. Meginreglan er að opin dæmi vega tvö stig, í þessum dæmum eru gefin stig fyrir áfanga að réttri lausn þó að lokaniðurstaða gefi ekki full stig. Því er mjög mikilvægt fyrir nemendur að sýna vinnu sína í prófheftinu.

Fyrir hönd Námsmatsstofnunar



Sigurgrímur Skúlason